

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar vegna breytingar á landnotkun á Brimnesi, Ólafsfirði.

Skipulagsstofnun staðfesti 22. febrúar 2024 breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 sem samþykkt var í bæjarstjórn 26. janúar 2024.

Í breytingunni felst að landnotkun á Brimnesi á Ólafsfirði er breytt vegna áforma um uppbyggingu brimbretta- og sjósundaðstöðu. Fyrirhugað efnislosunarsvæði (328-E) er felld út, strandsvæði (301-ST) stækkar og hafnarsvæði (307-H) minnkar til samræmis. Nýtt svæði fyrir verslun og þjónustu (328-VP) er skilgreint og hverfisverndarsvæði (423-HV) er skilgreint frá fjöru að netlögum til að vernda sjávarbotn fyrir öldugangi.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 22. febrúar 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 7. mars 2024